

lækkuð í ríkara mæli. Með því að fallast má á röksemdir stefnds, verður að telja lið þennan hæfilega ákveðinn kr. 300.00.

Um 7. Um upphæð þessa liðar hafa ekki komið fram nein mótmæli, og ber því að taka hann til greina að öllu leyti.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit máls þessa þau, að stefndur verður dæmdur til þess að greiða stefnanda samtals kr. 4297.10 með 5% ársvöxtum frá 25. ágúst 1939 til greiðsludags og málskostnað samkvæmt framlögðum reikningi kr. 547.37.

Dráttur sá, sem orðið hefir á uppkvaðningu dóms þessa, stafar af margháttuðum embættisönnum dómarans.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Egill Jónasson, skipstjóri Ytri-Njarðvik, greiði stefnandanum, Albert Bjarnasyni skipstjóra, Íshússtig 5 Keflavík, kr. 4297.10 með 5% ársvöxtum frá 25. ágúst 1939 til greiðsludags og kr. 547.37 í málskostnað, innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 6. nóvember 1940.

Nr. 93/1939. Þórarinn Snorrason

(Guðmundur I. Guðmundsson)

gegn

Guðmundi Jónssyni og gagnsök

(Lárus Jóhannesson).

Landamerki. — Ómerking.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 8. sept. 1939. Krefst hann aðallega staðfestingar héraðsdómsins, enda verði sú skýring á honum gefin, að með orðunum: „Í hinn

forna markagarðsenda“ í niðurlagi dómsins sé átt við þann stað, er merkjagarðsendinn hafi verið, þegar héraðsdómur gekk í landamerkjamáli eigenda Ness og Bjarnastaða þann 13. maí 1890. Hafi garður þessi þá náð lengra að sjó fram en nú, því að af honum hafi brotið í sjávarróti á árunum 1921 og 1925. Telur hann ofangreinda skýringu ekki munu fara í bága við dóm hæstaréttar frá 8. febr. 1939 í landamerkjamáli aðilja, því að með þeim dómi muni aðeins úr því skorið, hvernig landamerkin hafi verið ákveðin í landamerkjadóminum frá 13. maí 1890. Til vara krefst aðaláfrýjandi þess, verði ekki fall- izt á staðfestingarkröfu hans með ofangreindri skýr- ingu, að héraðsdómurinn verði ómerktur og mál- inu vísað heim í hérað til dómsálagningar að nýju. Þá krefst hann þess og, að málskostnaður fyrir báðum dómum verði látinn niður falla, ef aðalkrafa hans verði til greina tekin, en að honum verði dæmd- ur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti, ef héraðsdómurinn verð- ur ómerktur.

Gagnáfrýjandi hefir áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 9. sept. 1939. Krefst hann stað- festingar héraðsdómsins og málskostnaðar af aðal- áfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Í dómi hæstaréttar frá 8. febr. 1939 er ákveðið, „að merkin skuli teljast frá merkjagarðinum á landi, sem aðiljana greinir ekki á um“. Í málflutn- ingi þess máls var því aldrei hreyft, hvorki í héraði né fyrir hæstarétti, að merkjagarður þessi endi nú á öðrum stað en hann gerði árið 1890. Og þar sem það er vafalaust, að í nefndum hæstaréttardómi er átt við enda merkjagarðsins eins og hann er nú,

þar sem ekkert tilefni hafði gefizt til að ætla, að annar staður gæti til greina komið, þá er það ákveðið með fullnaðardómi, að merkin skuli miðuð við enda merkjagarðsins, þar sem nú er hann. Er ekki unnt að breyta neinu um það nú, þó að svo kunni að vera, sem aðiljar og virðast sammála um, að af garðinum hafi brotið eftir 1890.

Í dómi hæstaréttar frá 8. febr. 1939 er ákveðið, „að merkin skuli teljast frá merkjagarðinum á landi, sem aðiljana greinir ekki á um, beina línu um Klasbarða í vesturodda Selaskers“. Niðurstaða hins áfrýjaða dóms um merkin er hinsvegar á þessa leið: „Bein lína úr vesturrönd Selaskers upp í hinn forna markagarðsenda milli túna jarðanna.“ Hér hefir landamerkjadómurinn ekki fylgt fyrir-mælum hæstaréttar um ákvörðun landamerkjanna, sem honum var þó skylt að gera. Verður því samkvæmt 15. gr. landamerkjalaga nr. 41 frá 1919, sbr. lög nr. 40 frá 1927, að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til meðferðar og dóms-álagningar að nýju.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði landamerkjadómur á að vera ómerkur, og vístast málinu heim í hérað til dómálagningar að nýju.

Aðaláfrýjandi, Þórarinn Snorrason, greiði gagnáfrýjanda, Guðmundi Jónssyni, kr. 300.00 í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Landamerkjadómur Árnassýslu 29. júlí 1939.

Ár 1939, laugardaginn 29. júlí, var í landamerkjadómi Árnassýslu, sem haldinn var í skrifsofu embættisins að Selfossi af sýslumanni Páli Hallgrímssyni og meðdómsmönnum Jóni Ingvarssyni Núpi og Ingólfi Þorsteinsyni Merkilandi, kveðinn upp dómur í landamerkjamáli Guðmundar Jónssonar, bónda í Nesi, gegn Þórarni Snorrassyni, bónda á Bjarnastöðum í Selvogshreppi. — Dómur landamerkjadóms Árnassýslu í máli þessu, uppkveðinn 10. nóvember 1937, hefir með hæstaréttardómi þann 8. febr. 1939 verið ómerktur og málinu vísað heim til meðferðar og dómsálagningar af nýju. — Í nefndum dómi hæstaréttar segir á þá leið, að ný málgögn, sem fram komu í hæstarétti, ásamt skýrslu vitnisins Jóns Jónssonar, virðist leiða til þess, að merkin milli Ness og Bjarnastaða skuli teljast frá merkjagarðinum á landi beina línú í vesturodda Selaskers. Hér umrædd gögn hafa ekki verið lögð fyrir landamerkjadóminn, og þar sem ekki er mætt í réttinum af hálfu Þórarins Snorrasonar, verður rétturinn að líta svo á, að báðir aðiljar séu sam-mála um, að undirréttinum sé nú skylt að dæma í málinu samkvæmt bendingu hæstaréttar um skilning á sakargögnum, án þess að gögnin sjálf séu framlögð í réttinum. Þykir réttinum því að þessu sinni verða að leggja umsögn hæstaréttar í málinu eina saman til grundvallar dómi sínum og dæma samkvæmt henni um landamerkin milli Ness og Bjarnastaða þannig, að þau skuli teljast úr vesturrönd Selaskers, beina stefnu upp í hinn forna markagarðsenda, þaðan beina stefnu eftir markagarðinum í Unhól. Úr því er ágreiningslaust um landamerkin.

Ákvæðum dómsins frá 10. nóv. 1937 um málskostnaðargreiðslu, sem þegar er fullnægt, þykir ekki ástæða til að breyta.

Því dæmist rétt vera:

Landamerki milli jarðanna Ness og Bjarnastaða skulu vera þessi: Bein lína úr vesturrönd Selaskers upp í hinn forna markagarðsenda milli túna jarðanna, og síðan eftir markagarðinum í Unhól.

Málskostnaður falli niður.